

URÐUR BERGSDÓTTIR

KRISTINN ÓLI HARALDSSON

HJALTI RÚNAR JÓNSSON

Jóla
L'OLA



LEIKFÉLAG
AKUREYRAR

GÓÐIR ÁHORFENDUR



Verið velkomin í Samkomuhúsið.
Hér lifna við sögur og ævintýrapersónur.
Hér er óveður inni.
Samt eru áhorfendur öruggir í sætunum sínum.
Hér er hægt að taka þátt í gleði og sorg.
Hér mega börn vera bæði hrædd og hugrökk.
Hér leyfist hugmyndafluginu að fara hvert sem því sýnist.



Jóla Lóla Skyrgámsdóttir er jóla-stína
sem langar að setja í skóinn í desember.
Vinur hennar heitir Vettlingur
og hann langar bara að pakka inn jólagjöfum.
Þau fá að fara með Skyrgámi til byggða
en hitta á leiðinni jólafól og veðratröll.
Þetta gæti verið hættuleg ferð
en Jóla Lóla og Vettlingur
eru bæði sniðug og skemmtileg
þó stundum séu þau ósammála.



Við hjá Leikfélagi Akureyrar
höfum búið til nýja jólasögu
með nýjum jólalögum
svo þið getið notið jólanna í botn.

Góða skemmtun
og gleðileg jól.

Bergur Þór Ingólfsson
leikhússtjóri



**MENNINGARFÉLAG
AKUREYRAR**

Leikstjórn	Bergur Þór Ingólfsson
Leikmynd og búningar	Björg Marta Gunnarsdóttir
Hár og förðun	Harpa Birgisdóttir
Tónlistarstjórn	Jóhannes Damian Patreksson
Hljóðhönnun	Gunnar Sigurbjörnsson
Ljósahönnun	Lárus Heiðar Sveinsson
Leikmyndasmiði	Lárus Heiðar Sveinsson
Aðstoðarkona leikstjóra	Birta Sólveig Söring Þórisdóttir
Aðstoð við leikmuni	Þórhildur Gísladóttir, Þórunn Geirsdóttir
Verkefnastjóri	Þórunn Geirsdóttir
Sýningarstjórn	Þórunn Geirsdóttir, Unnur Anna Árnadóttir

PERSÓNURNAR

Höfundar handrits
Bergur Þór Ingólfsson
Hjalti Rúnar Jónsson
Kristinn Óli Haraldsson
Urður Bergsdóttir

JÓLA LÓLA
VETTLINGUR
SKYRGÁMUR
KRÍLA
JÓLAFÓLIÐ
KÖLSTEINN
MYKJUSKÁN

Höfundar tónlistar
Bergur Þór Ingólfsson
Birta Sólveig Söring Þórisdóttir
Hjalti Rúnar Jónsson
Jóhann Damian Patreksson
Kristinn Óli Haraldsson
Urður Bergsdóttir

ÞESSI SÝNING ER SAMSKÖPUN

ÞAÐ ÞÝÐIR AÐ LEIKSTJÓRINN OG LEIKARARNIR BJUGGU
SAMAN TIL SÖGUNA, LÖGIN OG SAMTÖLIN Í LEIKRITINU.

Sýningin er um klukkustundarlöng og er án hlés.



LEIKARAR


Urður Bergsdóttir Jóna Lóla
Kristinn Óli Haraldsson Vettlingur, Jólafól, Mykjuskán
Hjalti Rúnar Jónsson Skyrgámur, Kríla, Kolsteinn



Urður Bergsdóttir útskrifaðist af leikarabrot Listaháskóla Íslands árið 2021. Urður vann Músiktilraunir árið 2016 með hljómsveitinni Hórmónar þar sem hún söng og spilaði á rafmagnsbassa. Nú er hún gítarleikari dans-performance-pönk-hljómsveitarinnar The Boob Sweat Gang, sem hefur komið fram á hátíðum eins og Reykjavík Dance Festival, Norðan Paunk og núna síðast á Upprásinni í Hörpu. Árið 2024 lék hún í sýningunni And Björk of Course í leikstjórn Grétu Kristínar Ómarsdóttur, sem sýnd var hjá Leikfélagi Akureyrar og í Borgarleikhúsinu. Hún hefur meðal annars talað inn á teiknimyndirnar How to Train Your Dragon, Sing 2, Hvolpasveitin bíómyndin, Wreck-it Ralph og Narnía. Urður stígur nú aftur á svið á Akureyri eftir að hafa leikið í söngleiknum Litla Hryllingsbúðin.



Kristinn Óli S. Haraldsson hefur getið sér orðstir sem tónlistarmaður undir nafninu Króli. Hann steig fram á sjónarsviðið árið 2017 með félagi sínum JóaPé þegar lagið þeirra B.O.B.A sló í gegn. Kristinn Óli hefur komið víða við í list sinni. Hann tók þátt í uppsetningu Þjóðleikhússins á sýningunum Óvitar og Fjalla-Eyvindur og Halla, lék í söngleiknum We Will Rock You í Háskólabíó og í kvikmyndinni Agnes Joy. Kristinn Óli hefur gefið út fimm plötur en platan Afsakið hlé var mest seldi plata ársins 2018. Hann hefur auk þess fimm sinnum hlotið Hlustendaverðlaunin og þrisvar sinnum fengið Íslensku tónlistarverðlaunin. Að auki var Kristinn Óli Ræðumaður Íslands 2018 og hefur unnið verðlaun Barnamenningarhátíðar þrisvar sinnum. Kristinn lék Tóta tannálf í uppsetningu Leikfélags Akureyrar á Benedikt Búálfi og sló í gegn í hlutverki Baldurs í Litlu Hryllingsbúðinni



Hjalti Rúnar Jónsson hefur leikið í verkum fyrir börn alveg síðan hann var sjálfur lítill patti en hann var Mikki í Pétri Pan í Borgarleikhúsinu og lék Bóas í kvikmyndinni Ikingut. Eftir að hann varð gamall hafa fleiri verk bæst við: Umskiptingur hjá Þjóðleikhúsinu en einnig mikill fjöldi hjá Leikfélagi Akureyrar til að mynda Óvitar, Stúfur, Stóra skrimslíð og Litla skrimslíð, Benedikt Búálfur, þar sem hann lék bæði Jósafat og Sölvar Súra, og Galdragáttin, sem hann hlaut Grímuverðlaunatilnefningu fyrir. Einnig hefur Hjalti talsett fjölda sjónvarpsmynda allt frá Hefðarköttunum til Múminálfa.





LISTRÆNIR STJÖRNENDUR



Björg Marta Gunnarsdóttir er í annað sinn að hanna bæði leikmynd og búninga fyrir Leikfélag Akureyrar. Fyrra verkefni hennar fyrir félagið var fyrir Litla skrimslíð og stóra skrimslíð. Björg hefur lagt sitt af mörkum við fjölmargar sýningar hjá Leikfélagi Akureyrar, þar á meðal sem búningahönnuður fyrir Litlu Hryllingsbúðina, Skugga Svein og hinn geysivinsæla söngleik Chicago. Hún var einnig aðstoðarbúningahönnuður fyrir Vorið vaknar og Lisu í Undralandi. Að auki hefur hún tekið þátt í búningahönnun fyrir sýningar á borð við Kabarett, Mutter Courage og Svartan kött. Björg Marta nam fatahönnun í Antwerpen og Barcelona og útskrifaðist frá IED í Barcelona. Hún starfaði í tvö ár sem aðstoðarbúningahönnuður hjá John Rocha í Dublin. Eftir heimkomu til Íslands hefur hún einbeitt sér að búningahönnun fyrir leikhús ásamt því að sinna eigin listsköpun.



Birta Sólveig Söring Þórisdóttir er nýútskrifuð leikkona frá Listaháskóla Íslands. Birta hefur einnig lokið diplómunámi frá Complete Vocal Institute í Danmörku og hefur mikla söngreynslu. Hún lék Bangsa litla í Dýrunum í Hálsaskógi hjá Leikfélagi Rangæinga þegar hún var bara litil stelpa, einnig lék hún Litla Kláus í Litla og Stóra Kláus hjá Leikfélaginu á Selfossi. Frumraun hennar í atvinnuleikhúsi var hlutverk hennar sem Auður í uppsetningu Leikfélags Akureyrar á Litlu Hryllingsbúðinni.



Gunnar Sigurbjörnsson hljóðhönnuður hefur hannað hljóð á yfir níutíu uppsetningum fyrir Leikfélag Akureyrar allt frá árinu 1986. Gunnar hefur hljóðunnið og stýrt gífurlegum fjölda barnasýninga og er sennilega sá reyndasti á landinu á því sviði. Þessar barnasýningar eru Herra Hú, Halló Einar Áskell, Emil í Kattholti, Eyrnalangir og annað fólk, Lina Langsokkur, Karamellukvörnin, Dýrin í Hálsaskógi, Rummungur Ræningi, Búkolla, Karius og Baktus, Óvitar, Lápur, Skrápur og jólaskapið, Gulleyjan, Pila Pína, Gallsteinar afa Gissa og Galdragáttin. Einnig er hann einn af Hvannaldsbræðrum.




Harpa Birgisdóttir, hársnyrtimestari og förðunarfræðingur, starfar sem hársnyrtikennari og brautarstjóri hársnyrtideildar við Verkmenntaskólann á Akureyri. Fyrsta leiksýningin sem Harpa vann að fyrir Leikfélagið var Oliver Twist og síðan þá hefur Harpa komið að nánast öllum sýningum leikfélagsins með einum eða öðrum hætti. Hún hefur séð um hár- greiðslu, förðun, sýningarstjórn og sviðsmennsku, og síðustu þrettán árin hefur hún hannað gervi fyrir sýningar félagsins. Má þar nefna Rocky Horror, Gulleyjuna, Svörtu kómediuna, Fúlar á móti, Gallsteina afa Gissa, Vorið vaknar, Kabarett, Benedikt búalf, Skugga Svein, Litla skrimslíð og stóra skrimslíð og Litlu Hryllingsbúðina.



Bergur Þór Ingólfsson hefur búið til barnaefni í 30 ár. Hann hefur meðal annars leikið Tomma í Línu Langsokk, Sörensen rakara í Kardemommubænum, Donna afa í Fíusól, sjóræningja í Gulleyjunni og Anton, pabba Emils í Kattholti. Hann hefur leikstýrt fjöldanum öllum af barnasýningum en fyrir það hefur hann hlotið bæði Grímuverðlaun og viðurkenningar á Sögum – verðlaunahátið barnanna. Þá hefur Bergur talað fyrir mjög margar teiknimyndapersónur á íslensku. Má þar nefna Ólaf í Frozen, Mikka mús, Megamind, Stúart Litla, Felix í Wreck-it Ralph og margar, margar fleiri. Bergur tók við leikhússtjórástöðu hjá Leikfélagi Akureyrar í júní 2024 og var Litla hryllingsbúðin fyrsta uppsetning hans fyrir félagið.



Lárus Heiðar Sveinsson ljósahönnuður hefur unnið að fjölda uppsetninga fyrir Menningarfélag Akureyrar og ljósastýrt fjölda sýninga í Hofi sem og í Samkomuhúsinu. Af þeim barnasýningum sem hann hefur starfað að má nefna Láp, skráp og jólaskapið, Gallsteina afa Gissa, Galdragáttina, Benedikt búalf o.fl.



Jóhannes Damian Patreksson hefur starfað sem tónlistarmaður í sjö ár. Jóhannes er betur þekktur undir listamanna nafni sínu Jóipé sem annar helmingur tvíeykisins Jóipé og Króli. Saman hafa þeir gefið út 6 hljómplötur sem hafa vakið mikla lukku og unnið til fjölda verðlauna á Íslensku tónlistarverðlaununum og Hlustendaverðlaununum. Í fyrra lauk Jóhannes bakkalárnámi við Listaháskóla Íslands á tónsmíðabraut Nýmiðla. Síðan þá hefur Jóhannes fetað veg sinn sem leikhús og sjónvarps tónskáld og er Jóna-Lóla fyrsta verkefni hans í atvinnuleikhúsi.





**MENNINGARFÉLAG
AKUREYRAR**

**ÖLL LÖGIN
ÚR SÝNINGUNNI
Á SPOTIFY**

